



Árshlutauppgjör 30. júní 2018

Stjórnarfundur 17. ágúst 2018



Rekstur fyrstu 6 mánuði 2018 og 2017

	Raun 6M 2018	Raun 6M 2017	Aukning/ -minnkun	
Rekstrartekjur				
Fargjöld	869.992	862.430	7.562	0,9%
Rekstrarframlög	1.761.971	1.585.659	176.312	11,1%
Ríkisframlag	452.700	444.780	7.920	1,8%
Akstursþjónusta - framlag	766.587	735.135	31.452	4,3%
Akstursþjónusta - fargjöld notenda	44.726	43.875	851	1,9%
Aðrar tekjur	93.271	94.151	-880	-0,9%
Samtals tekjur	3.989.247	3.766.030	223.217	5,9%
Rekstargjöld				
Rekstarsvið	1.531.803	1.378.404	153.399	11,1%
Verktakar	1.297.690	1.073.290	224.400	20,9%
Akstursþjónusta - verktakar	811.313	779.009	32.304	4,1%
Samrekstur	355.936	338.958	16.978	5,0%
Samtals rekstargjöld	3.996.742	3.569.661	427.081	12,0%
Rekstrarafgangur án afskrifta og vaxtagja	-7.495	196.369	-203.864	-103,8%
Afskriftir	-104.984	-96.618	-8.366	8,7%
Fjármunatekjur/-gjöld	-14.527	12.688	-27.215	-214,5%
Rekstrarafgangur	-127.006	112.439	-239.445	-213,0%
Vægi fargjaldatekna í heildarkostnaði	27,2%	32,0%		

Allar fjárhæðir í þús.kr.

Afkoma tímabilsins er neikvæð um 127 mkr en var jákvæð um 112 mkr á sama tíma 2017.

Í byrjun árs tóku í gildi umfangsmiklar breytingar á leiðakerfi Strætó, m.a. var aksturstími lengdur til kl. 1 á nóttunni alla daga, aukin tíðni á völdum leiðum, engin sérstök sumaráætlun með skertir þjónustu og næturakstur um helgar. Heildarkostnaður við þessar breytingar er um 414 m.kr.

Gert var ráð fyrir að fargjaldatekjur myndu aukast umtalsvert samfara aukinni þjónustu, sem ekki hefur enn gengið eftir.

Fargjaldatekjur dekka um 27% af rekstrarkostnaði við Strætó á höfuðborgarsvæðinu sem er lægra en sama tíma 2017. Skýring á þessu má rekja til aukins rekstarkostnaðar vegna leiðakerfisbreytinga og lægri fargjaldatekna en vonir stóðu til.



Rekstur fyrstu 6 mánuði 2018 miðað við áætlun

	Raun 6M 2018	Áætlun 6M 2018	Frávik		Áætlun 2018
Rekstrartekjur					
Fargjöld	869.992	983.405	-113.413	-11,5%	2.159.608
Rekstrarframlög	1.761.971	1.761.971	0	0,0%	3.552.655
Ríkisframlag	452.700	444.780	7.920	1,8%	889.560
Akstursþjónusta - framlag	766.587	784.676	-18.089	-2,3%	1.569.351
Akstursþjónusta - fargjöld notenda	44.726	46.816	-2.090	-4,5%	93.631
Aðrar tekjur	93.271	95.396	-2.125	-2,2%	190.791
Samtals tekjur	3.989.247	4.117.043	-127.796	-3,1%	8.455.596
Rekstrargjöld					
Rekstrarsvið	1.531.803	1.669.158	-137.355	-8,2%	3.338.317
Almenningsvagnar - verktakar	1.297.690	1.222.063	75.628	6,2%	2.444.125
Akstursþjónusta verktakar	811.313	831.491	-20.178	-2,4%	1.662.982
Samrekstur	355.936	377.215	-21.279	-5,6%	754.431
Samtals rekstrargjöld	3.996.742	4.099.927	-103.185	-2,5%	8.199.855
Rekstrarafgangur án afskrifta og vaxtagj.	-7.495	17.115	-24.610	-143,8%	255.741
Afskriftir	-104.984	-115.000	10.016	-8,7%	-230.000
Fjármunatekjur/-gjöld	-14.527	6.947	-21.474	n/a	13.893
Rekstrarafgangur	-127.006	-90.938	-36.068	n/a	39.634
Vægi fargjaldatekna í heildarkostnaði	27,2%	29,9%			32,8%

Allar fjárhæðir í þús.kr.

Afkoma tímabilsins er lakari en áætlun gerði ráð fyrir. Gert var ráð fyrir að afkoman yrði neikvæð um 91 mkr en raun var 127 mkr rekstrartap.

Fargjaldatekjur eru 113 mkr lægri en áætlað var fyrir fyrstu sex mánuði ársins. Gert var ráð fyrir þær myndi aukast um 124 mkr eða um ríflega 14%.

Fargjaldatekjur eru að öllu jöfnu hærri síðari hluti ársins en þann fyrri. Sala árskortum Strætó hefur verið langmest í ágúst og september síðast liðin ár.

Rekstrargjöld eru lægri en áætlað var, þar vegur þyngst lægri rekstrarkostnaður við eigin akstur, sem skýrist að hluta til vegna minni aksturs en gert var ráð fyrir þar sem meiri akstur kom í hlut verktaka eftir leiðakerfisbreytingar í upphafi árs.

Í áætlun ársins var gert ráð fyrir að tekið yrði nýtt lán að fjárhæð 300 mkr en lántaka ársins er 1.000 mkr vegna mun herra framlags í Brú lífeyrissjóðs en gert hafði verið ráð fyrir. Í ljós þess voru vaxtagjöld mun hærri en áætlað, tæplega 15 mkr í stað vaxtatekna upp á 7 mkr.



Rekstrasvið og verktakar

Rekstrasvið	Raun 6M 2018	Áætlun 6M 2018	Frávik		Áætlun 2018
Laun og launatengd gjöld	1.024.284	1.096.851	-72.567	-7%	2.193.703
Eldsneyti	187.696	231.730	-44.034	-19%	463.461
Varahlutir	73.410	74.817	-1.407	-2%	149.634
Rekstrarvörur, hjólbarðar, smurolía of	62.206	52.312	9.894	19%	104.623
Tryggingar	56.611	59.674	-3.063	-5%	119.349
Bifreiðagjöld	6.407	6.660	-253	-4%	13.319
Aðkeypt þjónusta	18.615	21.189	-2.574	-12%	42.378
Starfsmannakostnaður	26.064	30.800	-4.736	-15%	61.600
Annar rekstrarkostnaður	21.050	22.608	-1.558	-7%	45.215
Húsnæðiskostnaður	55.460	72.516	-17.056	-24%	145.033
Samtals rekstrasvið	1.531.803	1.669.158	-137.355	-8%	3.338.316
Verktakar	1.297.690	1.222.063	75.628	6%	2.444.125
Samtals akstur	2.829.493	2.891.221	-61.728	-2%	5.782.441

Allar fjárhæðir í þús.kr.

Í lok árs var eigin akstur um 54% og verktakar með um 46%.

Miðað við fyrstu 6 mánuði ársins hefur hlutur verktaka aukist og er núna um 50% og eigin aksturs 50%, sem skýrir að hluta til að kostnaður við eigin akstur er lægri en gert var ráð fyrir og verktaka heldur hærri en var áætlað.

Gert er ráð fyrir að heildarkostnaður við akstur verði í takt við áætlun ársins í megin atriðum.



Samrekstur

Samrekstur	Raun 6M 2018	Áætlun 6M 2018	Frávik		Áætlun 2018
Laun og launatengd gjöld	224.405	234.505	-10.100	-4%	469.009
Aðkeypt sérfræðipjónusta	23.993	28.774	-4.781	-17%	57.547
Markaðsmál	14.884	18.404	-3.520	-19%	36.808
Rekstur tölvukerfis	34.441	31.550	2.892	9%	63.099
Sölukostnaður	19.077	28.810	-9.733	-34%	57.621
Starfsmannakostnaður	10.096	8.164	1.932	24%	16.327
Annar rekstrarkostnaður	18.267	17.623	644	4%	35.247
Húsnæðiskostnaður	10.773	9.387	1.386	15%	18.774
Samrekstur samtals	355.936	377.215	-21.279	-6%	754.431


Allar fjárhæðir í þús.kr.

Kostnaður við samrekstur fyrstu sex mánuði ársins var um 356 mkr eða rétt um 9% af heildarrekstrarkostnaði.

Kostnaður við samrekstur er um 6% minna en áætlun tímabilsins gerði ráð fyrir. En gert er ráð fyrir að kostnaður ársins verði í takt við áætlun.

Samrekstur samanstendur af kostnaði við stjórn, framkvæmdastjóra, farþegaþjónustu, mannauðs- og gæðasvið, skipulagssvið og fjármál og rekstur.

Sjóðstreymi



- Á tímabilinu lækkaði handbært fé um 397 mkr þar vegur þýngst fjárfestingar í vögnum og búnaði í vögnum og uppgjöri við Brú lífeyrissjóð sem var að hluta til fjármagnað með veltufé frá rekstri eða um 43 mkr.

Efnahagur

- Fjárfest var í fastafjarmunum fyrir samtals 424 mkr, þar af eru 362 mkr í nýjum vögnum, hleðslustöðvum og endurbætur á aðstöðunni vegna nýs orkugjafa og 62 mkr vegna uppfærslu á myndavélum og öðrum búnaði í vagnaflotanum á höfuðborgarsvæðinu.
- Framlag Strætó í Brú lífeyrissjóð var greitt 1. mars 2018, að fjárhæð 1.036 mkr sem var fjármagnað að stærstum hluta með langtímaláni frá Lánasjóði sveitarfélaga að fjárhæð 1.000 mkr, þ.e. 720 mkr til 38 ára með virkum vöxtum 2,5% og 280 mkr til 17 ára með föstum vöxtum 2,57%. Á árinu 2017 var gjaldfært 254 mkr og verða 782 mkr gjaldfært á næstu 20-30 árum. Á tímabilinu var gjaldfært um 14 mkr vegna þessa og eru eftirstöðvarnar því um 768 mkr.
- Handbært fé lækkaði um 397 mkr á tímabilinu, sem má rekja til hækkun skammtímakrafna, fjárfestinga og greiðslu í Brú lífeyrissjóð umfram útgreidda lánsfjárhæð og var í lok tímabils 529 mkr.

Eftir lok tímabils:

- Fimm rafvagnar komu til landsins núna í byrjun ágúst og von er á fimm til viðbótar fyrir lok ársins.
- Handbært fé hefur lækkað um 200 mkr frá uppgjörs lokum, vegna greiðslu fyrir vagnana sem komu til landsins í ágúst og mun lækka um aðrar 200 mkr þegar síðustu fimm vagnarnir koma til lands síðar á árinu.

Starfsáætlun 2018 – staða ágúst 2018 1/2

Yfirstjórn/skipulagssvið

- Endurskoðun samstarfssamnings sveitarfélaga og Vegagerðarinnar í apríl 2018 – Í mars kom út skýrsla Mannvits sem unnin var vegna tilraunaverkefnis um eflingu almenningssamganga. Í skýrslunni kom fram að flestir mælikvarðar komu mjög vel út. Það sem ekki hefur gengið eftir eins og vonir stóðu til er hlutfall ferða farnar með almenningssamgöngum á höfuðborgarsvæðinu, sem er hefur lítið sem ekkert breyst frá 2012.
- Útboð á vögnum - áframhaldandi vinna við undirbúning á útboði á kaupum á vetnisvögnum í samstarfi við Evrópusambandið, gert er ráð fyrir að fyrstu vetnisvagnarnir komi til lands 2019.
- Endurnýjun á upplýsingakerfi í vögnum, forathugun í gangi.
- Rafræn skilti á stoppistöðvum – í vinnslu.

Mannauðs- og gæðasvið

- Innleiða nýja þjónustustefnu þvert á fyrirtækið – Þjónustuhandbók gefin út maí 2018, í framhaldi af því var haldinn vinnufundur með öllum starfsmönnum þar sem megin áhersla var lögð á þjónustu. Gert er ráð fyrir að haldin verði þjónustunámskeið fyrir alla starfsmenn í haust og komið verði upp reglulegum þjónustumælingum.
- Öryggismál – áhættumat leiða í samstarfi við VÍS, viðbragsáætlanir öryggismála yfirfarnar í tengslum við slys, ógnandi hegðun, eldvarnir ofl., viðhaldsvottun á gæðakerfum lokið í júní.



Starfsáætlun 2018 – staða ágúst 2018 2/2

Fjármál og rekstur

- Áframhaldandi uppbygging rafrænna greiðslumöguleika – undirbúning væntanlegs útboðs í gangi.
- Uppfæra myndavélakerfi og WIFI í vögnum – uppsetningu lokið. Stefnt er að nýta betri wifi tengingar til að lækka kostnað við gagnamagn með því að stýra betur notkun og samhlið þessu getum við nýtt tenginguna til að gera reglubundnar þjónustukannanir.
- Betri rauntímaupplýsingar til farþega Strætó í gegnum samfélagsmiðla, appið og heimasíðu – lokið, m.a. komið fyrir “push notification” í appinu og betri fréttaveitu á vefnum og betri merkingar/upplýsingar í tengslum við leit á heimasíðu.

Farþegaþjónustusvið

- Áhersla á betri röðun á bíla í akstursþjónustunni til að lækka kostnað - búið er að fjölga starfsmönnum í handröðun í bíla sem hefur skilað sér í betri nýtingu bíla og lægri kostnaði hjá verktökum við asktur.

Rekstrarsvið

- Rafmagnsvagnar, uppbygging á aðstöðu við Hesthals vegna nýs orkugjafa, hleðslustöðvar og heimtaug. Undirbúningur vegna uppsetningar á hraðhleðslustöðvum fyrir rafvagna á völdum stöðum á höfuðborgarsvæðinu.



**Besta
leiðin**